13. fundur stjórnar Minjasafnsins á Akureyri,
haldinn rafrænt í gegnum Zoom, þriðjudaginn 31.mars 2020

Fundinn sátu: Sigfús Karlsson, Elísabet Ásgrímsdóttir, Inga Elísabet Vésteinsdóttir, Þorsteinn Krüger, Sigríður Rósa Sigurðardóttir, gestur fundarins undir lið 1 Þórgnýr Dýrfjörð, framkvæmdastjóri Akureyrarstofu. Fundur var settur kl. 15:05.

1. Safnastefna Akureyrarbæjar

Þórgnýr Dýrfjörð, deildastjóri Akureyrarstofu, kynnti stöðu safnastefnu Akureyrar og fund sem hann átti með fulltrúum annarra eigenda Minjasafnsins vegna fyrirliggjandi hugmynda í stefnunni.

Inga, Elísabet og Þorsteinn bentu á að umfang starfsemi í Laufási gæfi tilefni til þess að verkefnið væri í safnastefnunni.

Þórgný var þakkað fyrir upplýsingarnar og yfirferðina.

2. Yfirlit yfir styrki úr safnasjóði.
Safnstjóri kynnti þá styrki sem safnið hlaut úr Safnasjóði 2020. Í heildina hlaut safnið 15. milljónir króna sem skiptast svo:

Verkefni

Skráning Smámunasafnsins – samstarfsverkefni	750.000
Líf og leikir barna – safnfræðsla í Leikfangahúsinu á Akureyri	850.000
Land fyrir stafni – útgáfa	1.700.000
Ég heiti Jón en kallaðu mig Nonna – sýning	2.700.000

Öndvegisstyrkur	2020	2021	2022	Alls
Hvernig borðar maður fíl? Skráning gripa og ljósmynda í Sarp.	3.000.000	3.000.000	3.000.000	9.000.000

3. Gásakaupstaður ses

Tekið var fyrir erindi frá stjórn Gásakaupstaðar ses dagsett 24.3.2020 sem fól í sér ákvörðun um tvennt:

a) afstöðu til tillögu um að leggja Gásakaupstað ses niður á framhaldsaðalfundi félagsins.

b) ósk um að gerður verði samstarfssamningur um fjármögnun og framkvæmd Miðaldadaga.

Stjórn Minjasafnsins á Akureyri, sem stofnaðili Gásakaupstaðar ses, fellst á að stofnunin verði lögð niður. Jafnframt samþykkir stjórn að ganga til viðræðna um gerð samstarfssamings og felur safnstjóra að útfæra þau verkefni sem starfsfólk safnsins getur tekið að sér.

4. Starfsemi og viðbrögð vegna Covid veirunnar.

Safnstjóri kynnti þau áhrif sem veiran hefur haft á starf safnsins og þau viðbrögð sem gripið hefur verið til varðandi starf þess, öryggi starfsfólks og gesta, og áætlanir varðandi rekstur næstu mánuði.

Gripið var strax til að þess að sótthreinsa og auka dagleg þrif um miðjan febrúar og gerðar nýjar áætlanir um þrif á helstu snertiflötum. Safninu, Nonnahúsi og kirkjunni var svo lokað að tilmælum heilbrigðisráðherra á miðnætti 23. mars s.l.

Þó dyrum safnsins væri lokað fyrir gestum voru aðrar opnaðar út á við. Settur var aukinn kraftur í sýnileika á samfélagsmiðlum og heimasíðu. Að frumkvæði Minjasafnsins var tekið upp myllumerkið #safniðísófann. Settar eru inn myndir og saga daglega. Þá var instagram síða safnsins virkjuð og tekið til hendinni á heimasíðunni. Þar stendur til að setja upp nýjar sýningar á næstunni. Auk þess verður tekið upp efni í Davíðshúsi ef kostur gefst.

Barnabókasetur Íslands, sem Minjasafnið stendur að ásamt Amtsbókasafninu og Háskólanum á Akureyri hefur sett af stað bóka-myndbandakeppnina Siljuna.

Starfsfólk hefur unnið í þremur teymum frá 16. mars, ýmist er unnið heima, á Naustum eða í Aðalstrætinu. Næg verkefni er fyrir starfsfólk að vinna að og í raun gefst tækifæri til að vinna að ýmsum verkefnum sem daglegt amstur hefur hindrað. Mikill kraftur og samstaða er hjá starfsfólkinu að láta þetta ganga.

Rekstur safnsins næstu mánuði

Það er nokkuð ljóst að ferðasumarið 2020 verður skugginn af því sem stefndi í og ólíklegt að mikið ef nokkuð verði um skipakomur. Tækifæri felast í heimafólki og íslenskum ferðamönnum. Þannig er væntanlega sýning í Minjasafninu mikið tækifæri sem og miðinn Minjasafnið allt árið, en afar vel hefur gengið að selja hann. Það er því mikilvægt að halda eins óbreyttum opnunartíma eins og hægt er. Í Laufási verður þó dregið úr opnunartíma sem hefur helgast af komu hópa úr farþegaskipum. Mun færra starfsfólk verður ráðið til starfa en áður og fastráðnir starfsmenn meira á gólfinu í afgreiðslu en verið hefur, þó án þess að það komi niður á innrastarfinu og vinnu vegna fenginna styrkja.

Til að mæta væntanlegum samdrætti verður gripið til eftirfarandi aðgerða:

1. Laufás: Safnið opnar ekki fyrr en 2. júní og er opið út ágúst. Einungis verður tekið á móti hópum aðra mánuði ársins. Starfsfólki verður fækkað í Laufási og lágmarks mönnun á vöktum hverju sinni.
2. Nonnahús. Opið eins og Minjasafnið en vaktað með myndavélum og fastafólki fram í miðjan júní.
3. Leikfangahúsið opið eins og venjulega. Styrkur fékkst sem nýtist í það verkefni.

4. Engar sumarráðningar nema allra nauðsynlegasta og eins mikið og hægt er í gegnum atvinnuskapandi úrræði.
Fastráðið starfsfólk er í móttöku gesta eins og hægt er.

5. Önnur mál.

Fundi slitið 17:05.
Fundarritari HÞE.